Skógarvörður umdæmisins:

Garðar Jónsson.

# STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1952.

Suðurlandsumdæmi:

## Ýmsar framkvæmdir 1952.

Tumastaðir: Í brekkuna var plantað, 120 st. Birki, 950 st. Hvítgreni, ( ? H.J. ) 365 st. Blágreni, ( Hallormsstað) 450 st. Rauðgreni, ( Rana ) 1100 st. Lerki, ( Arcangelsk ) og 450 st. Fjallaþöll, ( Juneau ) og Marþöll, ( Fish Bay) sem rugluðust saman og vont er að þekkja í sundur aftur. S.Harð.

Lokið var að setja vélar í kælihús og hillur í kæliklefa.

Byggður var geymslubraggi 15 m. langur og 5,5 m. ~~langur~~ breiður.

Skarfanes: Í Skarfanesi var plantað 3000 st.. Rauðgreni ( Rana) í framhaldi af því sem plantað var þar árið 1950. Skógurinn var grisjaður þar sem plantað var og eins þar sem plantað var áður.

Smá viðlegukofi var byggður þar, og rúmar um 8 manns. Veggir úr torfi og grjóti, asbest á þaki, en þiljað að innan með "karlít."

Þórsmörk: Í Sleppugili á Þórsmörk plöntuðu " Farfuglar " um Hvítasunnuna 500 st. Rauðgreni, ( Rana ) 1000 st. Sitkagreni ( P.Bay ) og 300 st. Lerki ( Irkusk ).

Grisjað var í Sleppugili og Stóra-Endagirðingu.

Girðingu var haldið við eins og venjulega.

Græðireiturinn á Tumastöðum 1952.

Vinna hófst í græðireitnum 22 apríl og lauk 2 nóvember, þó var unnið til áramóta við að koma dreifplöntunar plöntum í kæliklefa.

Unnið var að stækkun græðireitsins, land herfað og "fræsað" og 150 bílum af sandi ekið í reitinn.

Lokið var við aðalskjólbelti um þá 3 ha. sem teknir voru fyrir í upphafi. Einfaldri röð af Alaskaösp var plantað í aðalskjólbeltin allann hringinn. Milliskjólbelti voru lengd um 200 m. og notað í þau Birki og Sib.baunatré.

Áburður í reitinn var ca. 15 tonn húsdýraáburður og 3600 kg tilbúinn áburður. Áburðarmagn af tilbúnum áburði pr. 100 $m^2$ 20 kg. garðáburður 10-10-15 og 5 kg. saltpétur. Vökvað var með áburðarvatni.

Ný vatnslögn var lögð og nær hún um allan reitinn.

Ferguson dráttarvél var keypt og ýms verkfæri með henni til notkunar í græðireitnum.

Sáð var undir glugga og striga eins og venjulega. Með minsta móti bar á rótarhálssvepp, sem herjað hefur hér undanfarin ár í sáðplöntum.

Alls eru til gluggar yfir 550 $m^2$.

Haustsán '51: [illegible] (Taku[illegible] 47) 6 kg – 60 m²
Rauðgr. (Rana) 1,5 – 48

Sáningar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Sitkagreni | 13,5 kg. | í | 262 m² | ( Mac Leod ) |
| Sitka-Hvítgreni | 3,3 - | - | 78 - | ( Lawing ) Bastarður |
| Hvítgreni | 1,6 - | - | 51 - | ( Lawing ) |
| Skógarfura | 1,2 - | - | 24 - | ( Troms ) |
| -- " -- | 1,7 - | - | 40 - | ( Kyst Troms Norge ) |
| -- " -- | 1,7 - | - | 64 - | ( Hamaróy ) |
| Fjallafura | 0,7 - | - | 10 - | ( ? ) |
| Rauðgreni | 2,0 - | - | 100 - | ( Bindal Norge ) |
| Lerki | 0,4 - | - | 5 - | ( ~~Japonica~~ Mustila Finnl. ) (Gmelini jap.) |
| -"- | 0,5 - | - | 5 - | ( Heinola Finnl. ) |
| -"- | 0,3 - | - | 5 - | ( ~~Larix X~~ Mustila, Finnl. ) (Kurilensis) |
| -"- | ~~1,0~~ 1,8 - | - | 15 - | ( Brandbu Norge ) |
| Birki | 16,0 - | - | 357 - | ( Bæjarstaðask. ) |
| -"- | 1,4 - | - | 43 - | ( Alaska ) |
| -"- | 3,0 - | - | 81 - | ( Rognan Norge ) |
| Askur | 4,5 - | - | 53 - | ( Leksvik Norge ) |
| Sembrafura | 1,7 - | - | 8 - | (Målselv, Norge) |
| Ýmsar tilraunir | | | 50 - | |

Samtals. 1251 m²

## Dreifsett. '52

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rauðgreni | 3/0 | 134.000 | st. |
| Skógarfura | 2/0 | 89.875 | - |
| Sitkagreni | 2/0 | 25.125 | - |
| Birki | 2/0 | 43.966 | - |
| Lerki | 1/0 | 78.025 | - |
| Alaskaösp (stikl.) | | 20.686 | - |
| Aðrir græðlingar | | 15.810 | - |
| Aðrar plöntur | | 10.237 | - |
| Reynir | | 1.670 | - |
| | Samt. | 419.394 | st. |

## Plöntur til dreifsetningar næsta vor.

| | | |
|---|---|---|
| Sitkagreni | 80.000 | st. |
| Skógarfura | 120.000 | - |
| Hvítgreni | 70.000 | - |
| Blágreni | 70.000 | - |
| Birki | 20.000 | - |
| Reynir | 5.000 | - |
| Ýmsir stiklingar | 40.000 | - |
| Ýmsar plöntur | 10.000 | - |
| Samt. | 415.000 | st. |

Plöntur afhentar frá Tumastöðum vorið 1952.

| | | |
|---|---|---|
| Sitkagreni | 62.956 | st. |
| Birki | 35.901 | - |
| Skógarfura | 68.000 | - |
| Lerki | 16.627 | - |
| Rauðgreni | 8.563 | - |
| Alaskaösp | 6.401 | - |
| Blágreni | 2.590 | - |
| Þingvíðir | 1.943 | - |
| Reynir | 1.018 | - |
| Þöll | 850 | - |
| Hvítgreni | 950 | - |
| Sólber | 805 | - |
| Aðrar plöntur | 623 | - |
| Samt. | 207.227 | st. |

Plöntur til afhendingar vorið 1953.

| | | |
|---|---|---|
| Alaskaösp 1/0 | 9.000 | st. |
| Reynir 2/2 (30-60 cm.) | 3.000 | - |
| Lerki 1/2 | 22.000 | - |
| Skógarfura 2/2 og 3/0 | 135.000 | - |
| Rauðgreni 2/2 | 25.000 | - |
| Sitkagreni 2/2 | 37.500 | - |
| Aðrar plöntur | 3.000 | - |
| Samt. | 234.500 | st. |

Plöntuhöld og veðurfar 1952.

Smáplöntur í græðireitnum á Tumastöðum komu fallegar undan vetri, enda mikill snjór í vetur, sem lá fram í byrjun april, þar sem skaflar voru mestir í græðireitnum. Stærri plöntur sem staðið höfðu upp úr snjónum voru aftur á móti ljótar, sérstaklega Sitkagrenið í brekkunni, sem misti svo að segja allt barr af suðurhlið, en náði sér að mestu í sumar aftur.

Töluvert kól af birki í skjólbeltunim.

Vorið var gott fram til 27 maí, þá rauk hann upp með norðan átt,(frost á nóttunni) sem stóð í hálfan mánuð. Allt var laufgvað og sumt byrjað að vaxa, en eftir þetta hret bar mikið á kali í smáplöntum og haustsáning af furu og rauðgreni, sem mikið var farin að spíra drapst svo að segja alveg.

Plöntun í skóglendi sem stóð sem hæðst þessa dagana fór einnig mjög illa.

Sumarið var kalt og þurrt, vöxtur fyrir neðan meðallag.

Nóttina á milli 27 og 28 ágúst kom frost, aðeins bar á kali í smáplöntum eftir þessa nótt.

Talsverður holklaki kom seinustu dagana í september og fóru sáðbeðsplöntur illa.

Í okt., nóv. og desember var einstök veðurblíða.

Ferðalög.

Í marz og apríl ferðaðist ég um Árnes og Rangárvallasýslur með formönnum skógræktarfélaganna, sýndi kvikmyndir og ræddi við fólk um skógræktarmál.

Í ágúst ferðaðist ég um V.- Skaftafellssýslu, aðallega um Mýrdalinn til leiðbeininga.

13 - 17 september fór ég með skógræktarstjóra og Dr. R. Taylor að Hallormsstað, Vöglum og Akureyrar.

Að venju fór ég nokkrar ferðir í Skarfanes, Þjórsárdal og Þórsmörk, svo og um nágrennið til eftirlits og leiðbeininga.

Tumastöðum 31/12 1952.

Garðar Jónsson